

SAMÞYKKT**um sorphreinsigjald á Selfossi fyrir árið 1984.**

1. gr.

Sorphreinsigjald á Selfossi fyrir hvern notanda sbr. 2. gr. samþykktar um sorphreinsun á Selfossi frá 11. mars 1983 skal fyrir árið 1984 vera kr. 300,00.

2. gr.

Ofangreind gjaldskrárákvörðun bæjarstjórnar Selfoss staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. janúar 1984.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 10

10. janúar 1984

REGLUGERÐ**um iðgjöld til slysatrygginga samkvæmt 36. gr. laga 67/1971 um
almannatryggingar sbr. 5. gr. laga 59 20. maí 1978.**

1. gr.

Eigendur ökutækja og aflvéla, sbr. c-lið 29. gr. laga 67/1971, skulu standa skil á föstu ársiðgjaldi til slysatrygginga sem hér segir:

	kr.
Vegna bifreiðar	100,00
Vegna bifhjóls	100,00
Vegna reiðhjóls með hjálparvél	100,00
Vegna vélsleða	100,00
Vegna heimilisdráttarvélar	100,00
Vegna rafstöðvar	50,00
Vegna súgþurrkunartækis	50,00
Vegna heyblásara	50,00
Vegna trillubáta	410,00

2. gr.

Við nýskráningu skrásetningarskyldra ökutækja skal innheimta ársiðgjöld til þess tíma, er færa skal ökutækið næst til skoðunar skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 36. gr. laga 67/1971 sbr. 5. gr. laga 59/1978 um almannatryggingar og tekur gildi frá og með 1. janúar 1984.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 448/1978 svo og lokamálgrein 1. gr. reglugerðar nr. 201 15. apríl 1981.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. janúar 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.